

Búnaðargjald

Ný lög um búnaðargjald, nr. 84/1997, tóku gildi 1. janúar síðastliðinn. Lögin voru sett á vorþingi 1997 og þeim breytt lítillega á haustþinginu, þ.e. með lögum nr. 139/1997. Hér á eftir verður fjallað um meginefni laganna.

Almennt um gjaldið

Með upptöku gjaldsins er verið að sameina og einfalda álagningu og innheimtu þrenns konar gjalda á vegum sjóða og samtaka landbúnaðarins í einu opinberu gjaldi. Skattstjórar leggja gjaldið á og innheimtumenn ríkissjóðs sjá um innheimtuna. Tekjurnar af gjaldinu renna til sömu aðila og áður, þ.e. til Búnaðarsjóðs, Lánasjóðs landbúnaðarins og Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Gjaldskyldir aðilar

Gjaldskyldir eru virðisaukaskattsskyldir búvöruframleiðendur sem falla undir atvinnugreinanúmer 01 (landbúnaður) og 02 (skógrækt) í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands (ÍSAT 95), þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.4 (þjónusta við jarðyrkju og búfjárrækt), 01.5 (dýraveiðar og tengd þjónusta) og 02.02 (þjónusta tengd skógrækt).

Gjaldstofn

Gjaldstofn búnaðargjalds er velta búvöru og tengdrar þjónustu hjá gjaldskyldum búvöruframleiðendum. Til gjaldskyldrar veltu telst sú velta sem fellur undir 11.-13. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, þ.e.a.s. svokölluð skattskyld og undanþegin velta, þó að frádregnu andvirði seldra varanlegra rekstrarfjármuna.

Bókhaldsleg aðgreining o.fl.

Reki búvöruframleiðandi aðra starfsemi en gjaldskyld er ber honum að halda þeirri starfsemi aðgreindri í bókhaldi sínu eða færa hana á sérstakan rekstrarreikning utan landbúnaðarframtals. Á framtali til búnaðargjalds á að sundurliða gjaldstofn eftir búgreinum, samkvæmt skilgreiningu í reglugerð sem ráðherra setur. Þessi reglugerð hefur ekki verið sett.

Álagning

Álagning búnaðargjalds fer fram með álagningu opinberra gjalda og kemur til innheimtu á gjalddögum þinggjalda, í fyrsta sinn 1. ágúst 1999.

Um álagningu búnaðargjalds gilda sömu ákvæði og er að finna í X. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Um ábyrgð á greiðslu, innheimtu, upplýsingaskyldu, eftirlitsheimildir og málsmeðferð gilda og ákvæði þeirra laga.

Fyrirframgreiðsla

Búnaðargjald verður einnig innheimt fyrir fram og tekur fyrirframgreiðslan mið af álagningu fyrra árs, líkt og gildir um markaðsgjald og hátekjuskatt. Fyrirframgreiðslan nemur 2,65% af búnaðargjaldstofni á fyrra ári. Fyrirframgreiðsla 1998 er þó miðuð við veltu í virðisaukaskatti 1997 (sjá nánar á eftir).

Gjalddagar fyrirframgreiðslu eru þeir sömu og gjalddagar þinggjalda, í fyrsta sinn 1. ágúst á þessu ári (eða 1. nóvember n.k. sé um lögaðila að ræða).

Greiði gjaldskyldur búvöruframleiðandi ekki fyrirframgreiðslu á tilskildum tíma eða vangreiði hann skal innheimtumaður ríkissjóðs reikna hæstu leyfilegu dráttarvexti samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands á þá fjárhæð sem vangoldin er frá gjalddaga.

Þegar álagning fer fram kemur fyrirframgreiðsla til frádráttar. Ef álagning er hærri en ákvörðuð fyrirframgreiðsla skal gjaldandi greiða mismuninn með sem næst jöfnum greiðslum á gjalddögum þinggjalda. Við mismun sem á rætur að rekja til of hárrar fyrirframgreiðslu bætist 2,5% álag.

Nánar um fyrirframgreiðslu ársins 1998

Fyrirframgreiðsla búnaðargjalds á árinu 1998, vegna væntanlegrar álagningar 1999, skal nema 2,65% af skattskyldri og undanþeginni veltu gjaldskylds búvöruframleiðanda á árinu 1997. Þannig ákvörðuð

fyrirframgreiðsla búnaðargjalds á því að koma fram á þinggjaldaseðli 1998 hjá virðisaukaskattsskyldum aðilum sem stunduðu rekstur á árinu 1997 í viðkomandi atvinnugreinum.

Lækkun fyrirframgreiðslu

Gjaldskyldum búvöruframleiðendum er heimilt að sækja um breytingu ákvarðaðrar fyrirframgreiðslu til skattstjóra í umdæmi sínu og skal skattstjóri taka slíka umsókn til greina sé fyrirsjáanlegt að búnaðargjald breytist um sem nemur 25% á milli ára, þó að lágmarki um 10.000 kr.

Umsókn þarf að vera skrifleg og í henni þurfa að koma skilmerkilega fram ástæður beiðni, m.a. viðeigandi greinargerð um breytingar á tekjum af búvöruframleiðslu, þannig að skattstjóra sé kleift að taka réttmæta ákvörðun í málinu. Skattstjóri úrskurðar um breytingu greiðsluskyldunnar innan hæfilegs frests frá því að hún berst.

Nánari upplýsingar veita virðisaukaskattsskrifstofa ríkisskattstjóra í síma 563-1112 og skattstjórar um land allt.

VIRÐISAUKASKATTSSKRIFSTOFA RÍKISSKATTSTJÓRA